

Skagabyggð

Örlygsstöðum 2 545 Skagaströnd
6. apríl 2006.

Samgöngunefnd Alþingis.

Undirrituðum hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um átak í uppbyggingu héraðsvega. Þskj. 330-310. mál.

Fátt er mikilvægara en gott samgöngukerfi til að bæta búsetuskilyrði í dreifbýlinu. Víða er brýnt að bæta safn og tengivegi. Þessir vegir eru víða mjög veikbyggðir og þarf að styrkja undirbyggingu þeirra og að byggja þá upp og hækka vegna vetrarumferðar svo þeir verði ekki ófærir í fyrstu snjóum.

Þá er einnig aðkallandi að setja bundið slitlag á þessa vegi, svo þeir þjóni þeim kröfum sem nú eru gerðar. Það mundi breyta ásýnd sveitanna mikið til hins betra ef menn losna við rykmökkinn frá umferðinni í þurrkatið og aurdrulluna sem sest á öll ökutæki í vætutið. Í þessu sambandi nægir að minna á þá breytingu sem varð í kaupstöðum landsins þegar sett var bundið slitlag á göturnar. Þetta er líka öryggisatriði því að oft hefur komið fyrir að vegkantar hafa gefið sig við mætingar og grjótkast veldur skemmdum á ökutækjum. Þá má minna á að mikill munur er að keyra á mlarvegum og vegum með bundið slitlag, sem veldur óöryggi hjá mörgum ökumönnum sem eru ekki vanir malarvegum.

Ef þingsályktunartillaga þessi kemur til framkvæmda er það mikið hagsmunamál fyrir dreifbýlið og þjóðina alla. Þetta er raunhæft byggðamál.

Virðingarfyllt

Oddviti Skagabyggðar

Rafn Sigurðjónsson